

Stefnuskrá Tímans

Birt í Tímanum 5. janúar 1918

Stefna blaðsins er að búa þjóðina á allan hátt undir að geta staðið á eigin fótum. Þessi eru aðaláhugamál blaðsins:

I. Mentamál.

- Að hlúa að bókmentum, listum og vísindum, og lítur blaðið svo á framþróun andlegs lífs með þjóðinni, sem hún sé einn öflugasti þátturinn í viðreisnarbaráttunni, bæði inn á við og út á við.
- Að haga uppeldi þjóðarinnar, bæði í heimahúsum og skólum, eftir þörfum og landsháttum hér á landi, og sníða það í senn eftir þjóðlegri reynslu og erlendum fyrirmyndum.
- Að leggja miklu meiri rækt við mentun unglunga en verið hefir, og hlyna sérstaklega að góðum unglingaskólum í sveitum.
- Að koma á í skólunum, einkum alþýðuskólum, góðri tilsögn í félagsfræði og algengustu vinnubrögðum karla og kvenna, og stofna húsmæðraskóla á hentugum stöðum í sveitum.
- Að líkamsmenning þjóðarinnar sé eflað með því að útbreiða þær íþróttir sem hollastar eru og bezt fallnar til að verða almennar hér á landi.
- Að styðja útgáfu góðra og ódýrra kenslubóka, fræðibóka og skáldrita, svo og stofnun og efling bókasafna í hverri sveit og bæjarfélagi.
- Að stuðla að gagnlegum utanferðum karla og kvenna af öllum stéttum.

II. Kirkjumál.

Að hlyna að frjálslyndri þjóðkirkju.

III. Atvinnumál.

1. Landbúnaður.

- Að stuðla að áveitum, aukinni túnrækt og garðrækt og fjölgun sveitabýla
- Að styðja að umbótum kvikfjárræktarinnar, t.d. með kynbótubúum, sýningum og ýmsum leiðbeiningum um hirðing og kynbætur búfjárins, og efla búnaðarsamtök og innlend búvísindi.
- Að útbreiða votheysverkun, styðja umbætur á sveitavinnutækjum og notkun slíkra verkfæra, er hagfeld þykja í þarfir landbúnaðarins, og verðlauna innlendar uppfundningar í þeim efnum.
- Að koma á lögum, er skyldi landeigendur til að láta af hendi við landssjóð þær jarðir eða jarðahluta, sem losna úr leiguliðaábúð, ef þær

álítast hentugar til skiftingar, en verðið fari eftir mati.

2. Sjávarútvegur.

- Að stuðla að aukningu sjávar- og fiskirannsóknna hér við land.
- Að vinna að eflingu sjávarútvegarins með hafnabótum og lendinga, byggingum vita og fjölgun sjómerkja.
- Að styðja samvinnufélagsskap sjómanna þannig, að þeir eignist sjálfir útgerðartækin.
- Að fylgja fram ströngu eftirliti með útbúnaði skipa og báta.

3. Iðnaður. Húsagerð.

- Að stuðla að því, að þjóðfélagið nái eignarhaldi á sem flestum námum og fossum.
- Að sjá til þess, að vatnsmagn landsins verði sem fyrst og sem mest notað til raflýsingar, hitunar, vinnu og ræktunar.
- Að flýta fyrir rannsókn innlendra byggingarefna og stuðla að leiðbeiningum í hagkvæmri húsagerð.

4. Skógrækt.

Að lögð sé áherzla á að vernda þær skógarleifar sem enn þá eru til, og styðja skógræðslu.

IV. Verzlun.

- Að berjast af alefli fyrir því, að koma sem mestu af verzlun landsins í hendur samvinnufélaga.
- Að vinna að því, að landið taki að sér verzlun þeirra vöru tegunda, sem annars falla í hendur einokunarhringum.
- Að hlyna að vöruvöndun.
- Að opna íslandi nýja og bættu markaði erlendis og stuðla að beinum verzlunarviðskiftum við þau lönd og þá staði, þar sem beztur markaður fæst fyrir afurðir lands og sjávar og bezt kaup þjóðast á erlendum vörum.
- Að stuðla að niðursuðu matvæla, og útflutningi á lifandi peningi og kældum og frystum afurðum.

V. Samgöngur.

- Að gera smátt og smátt hafnir við helztu kauptún landsins eftir því sem. Fjórðagur leyfir, og byrja við þau kauptún, sem hafa stærst og fjölbygðust héruð að baki sér.

b. Að efla Eimskipafélagið sem má, svo það geti haldið uppi skjótum og góðum samgöngum milli útlanda og helztu hafna hér á landi.

e. Að landið eignist hæfilega mörg og hentug strandferðaskip og flóabáta.

d. Að beitast fyrir því, að járnbrautarmálið sé rannsakað til hlítar, en eigi ráðist í járnbrautarlagningar á landssjóðs kostnað að sinni.

e. Að fyrst um sinn sé unnið að því með óskiftum kröftum, að koma vegamálum landsins og samgöngum á sjó i viðunanlegt horf.

VI. Póst- og símamál.

a. Að stefnt sé að því að koma á viku1egum póstferðum um land alt.

b. Að póststöðvar séu. bættar þannig, að sem flestar þeirra geti afgreitt síma- og póstávísanir.

c. Að fullkomna símakerfi landsins bæði með nýjum símaálmum og með því að fjölga þráðum, þar sem þörf gerist.

VII. Bankamál. Fjármál.

a. Að gera landsbankann að sonnum þjóðbanka, fá honum einum í hendur seðla útgáfuréttinn svo fljótt sem auðið er og stuðla að því að hann fái umráð yfir sem mestu af sparisjóðsfé.

b. Að sjá um að bankanum sé gert að skyldu, eftir því sem hann vex og eflist, að koma á fót útibúum, helzt í hverri sýslu.

e. Að komið sé í sambandi við efling landsbankans á fót sérstakri deild til að styðja ræktun landsins með hentugum lánskjörum.

d. Að landsbankinn hafi í sinni þjónustu sérfróða menn, innlenda eða útlenda, til þess að greiða fyrir sölu íslenskra verðbréfa.

e. Að goldinn sé varhugi við erlendum lánnum, nema því að eins að þau gangi til stórfyrirtækja, sem bersýnilegt er að gefi landinu góðan arð.

VIII. Skattamál.

Að lögð sé áherzla á að afla landinu tekna fremur með beinum sköttum en tollum, en þó séu gömlu tollarnir að mestu látnir haldast fyrst um sinn. Annars séu farnar eftirfarandi leiðir í skattamálum, þegar því verður við komið.

a. Að eigna- og tekjuskattur sé tekinn af stóreignum og háum tekjum, er fari hækkandi í hlutfalli við eigna- og tekjumagnið, en þurfartekur séu þó ekki gjaldskyldar.

b. Að erfðafjárskattur fari hækkandi eftir fjárhæð og fjarskyldleika.

c. Að verðhækkunarskattur sé lagður á lönd og lóðir, þar sem verðhækkunin orsakast bersýnilega af aðgerðum þjóðfélags, sýslu-, sveitar- eða bæjarfélags, svo sem við stórfeld áveitufyrirtæki eða dýrar samgöngubætur.

d. Að engir útflutningstollar, er renni landssjóð, séu lagðir á land eða sjávarafurðir nema síld.

IX. Tryggingar.

a. Að stofnaður sé sameiginlegur ellitryggingarsjóður og komið á fót frjálsri líftryggingu í sambandi við elli trygginguna.

b. Að styðja sjúkrasamlög og slysatrygging.

e. Að komið sé á fót líftryggingarsjóði handa sjómönnum, er greiði aðstandendum druknaðra sjómanna fjárhæð, sem nægi til að framfleyta meðalfjölskyldu i nokkur ár, en útflutningsgjald af öðrum sjávarafurðum en síld verði iðgjald í sjóðinn.

d. Að efla innlenda bruna- og sjóvátrygging.

X. Heilbrigðismál.

Að styðja alla viðleitni, sem stefnir að aukinni heilbrigði landsmanna:

a. Að landsspítali sé reistur i Reykjavík og sjúkráskýlum fjölgað að miklum mun, svo að jafnaði verði eigi færri en eitt í sýslu.

b, Að styðja af alefli baráttuna gegn berklaveiki.

e. Að koma því til leiðar að a. m. k. ein hjúkrunarkona sé i hverri sveit.

d. Að styðja umbætur á húsakynnum almennings, t. d. með því að láta gefa út góðar og fjölbreyttar fyrirmyndir bæja og íbúðarhúsa með nægum skýringum.

e. Að herða á sóttvörnum og koma á almennri líkskoðun.

XI. Aðflutningsbann.

Að stuðla að því að lögin um aðflutningsbann á áfengi nái tilgangi sínum.